

Fjórði fundur ársins 2019 var haldinn í Reykjavík fimmtudaginn 14. mars. Dagurinn hófst með því að við heimsóttum fyrirtækið Capacent þar sem Hín Helga Guðlaugsdóttir tók vel á móti okkur og fræddi okkur um fyrirtækið og design thinking, eða lausnamiðaða hugsun sem Hín Helga er sérfróð um. Hún sagði okkur einnig frá ýmsum verkefnum sem hún sinnir hjá fyrirækinu eða hefur sinnt annars staðar og byggja á þessari hugsun. Til dæmis verkefni í samvinnu við Kvennadeild Landspítalans þar sem hugmyndir um endurhönnun móttökunnar með tilliti til þeirra, sem þar starfa og sækja þjónustu varð að veruleika.

Virkilega fróðleg og skemmtileg kynning og mjög áhugavert að fá innsýn í það sem er að gerast á vettvangi hönnunar og nýsköpunar í dag og vekur umhugsun um það sem gerast mun í framtíðinni á tímum mikilla og örra framfara í tæknigeiranum. Jónína og Birna Sigurjónsdóttir formaður Lambda færðu Hín Helgu rós sem þakklætisvott fyrir góðar móttökur og fróðlega og skemmtilega kynningu.

Þaðan var haldið í höfuðstöðvar Menntasviðs Háskóla Íslands sem er til húsa í Kennaraskólanum gamla. Lamdakonur voru gestgjafar okkar þar. Formaður deildarinnar, Birna Sigurjónsdóttir bauð okkur velkomnar og sagðist vona að þessi fundur væri upphaf að góðu samstarfi til framtíðar. Jónína þakkaði móttökur, kveikt var á kertum og hver og ein fundarkona kynnti sig og gerði grein fyrir menntun, störfum og helstu viðfangsefnum. Þá var sest að snæðingi og eftir matinn hlýddum við á Kolbrúnu Pálsdóttur, sem er nýráðinn forseti Menntavísindasviðs H.Í., segja frá því sem henni er efst í huga um þessar mundir. Hún sagði frá starfi sínu við stofnunina sem hún sagði vera mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Kolbrún ræddi um m.a. ráðstafanir og aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að efla nýliðun í kennarastétt í framtíðinni og sagði að um þessar mundir væri verið að ræða hugmynd um að auka mætti aðsókn í kennaranámið með því að gefa kennaranemum kost á að starfa við skóla á námstímanum á launum.

Það yljaði mörgum um hjartarætur að fá tækifæri til að koma á gamlar slóðir og rifja upp ýmislegt frá námsárunum og margar Deltakonur hafa líka stundað framhaldsnám við Menntasvið H.Í. á liðnum árum.

Jónína bar kveðjur frá Jónu Benediktsdóttur landssambandsforseta samtakanna, sagði frá bréfi frá henni og bar kveðjur til fundarins frá fjarverandi Deltakonum. Hún færði Birnu, formanni Lamdadeildar og Kolbrúnu rósir og minnti á Landssambandsþingið í vor - 4. maí og alþjóðaráðstefnuna í sumar sem haldin verður 25-27. júlí og var ýmislegt rætt í því sambandi.

Þá leiddi Theodora söng og að því loknu var fundi slitið og fundarkonur héldu heim á leið sælar eftir góðan dag.

Fjórði fundur starfsársins 2018 - 2019 haldinn í Reykjavík fimmtudaginn 14. mars.